

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 8	Dagsetning	28. maí 2019	Tími	12:00 – 13:30
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	JÁJ			
Fundarboð fengu	Árni Bragason (ÁB), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS) og Margrét Hauksdóttir (MH). Framkvæmdastjóri félagsins, Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ), var viðstödd fundinn.			
Fjarverandi	ÁG; ÁB tók þátt í gegnum netið			
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 28. maí 2019

1. Fundargerð 7. maí 2019

Fundargerð stjórnarfundar frá 7. maí 2019 samþykkt af MH og HÓS.

2. Skipting verkefna

MH bauð stjórnarmenn velkomna til starfa og bauð sérstaklega velkomin nýja stjórnarmenn. Samþykkt einróma að HÓS yrði gjaldkeri og að KS yrði ritari. Samþykkt var að JÁJ myndi heyra í ÁG og kanna hvort að hann samþykkti að verða varaformaður.

3. Fyrirkomulag funda

Samþykkt var að funda í hádeginu fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði. Fyrsti fundur eftir sumarfrí verður þó 10. september nk.

4. Áherslur og viðburðir

Stjórnin ræddi helstu áskoranir í starfsemi FFR og hverjar áherslur félagsins ættu að vera. Mikilvægt að leggja áherslu á félagslega þáttinn og tengslamyndun milli forstöðumanna. Umræður urðu um hvort senda ætti könnun til félagsmanna um það hvernig þau sæju félagið til framtíðar.

Umfjöllun var í Morgunblaðinu þann 25. maí 2019 um úrskurð kjararáðs frá árinu 2011, þ.e. úrskurð 2011.002, en ekki virðist ljóst hverjir fengu hækkunina. Stjórnarmenn sammála um að FFR muni ekki skoða þetta nánar eða óska eftir upplýsingum frá KMR enda ekki ljóst hverju slíkt myndi skila 8 árum síðar.

5. Niðurstaða í máli sýslumanna

JÁJ gerði stjórninni grein fyrir bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til FFR vegna innheimtulauna sýslumanna, dags. 6. maí 2019.

6. Fréttir af yfirferð KMR á beiðnum um endurskoðun á grunnmati starfa

JÁJ upplýsti stjórnina um vinnufundi sem hún hefur átt síðustu daga og vikur með KMR. Stjórn FFR leggur áherslu á samræmda málsmeðferð vegna athugasemda við grunnröðun starfa og að fagráðuneytum verði gert að fylgja verkferlum.

7. Önnur mál

Stjórnarmenn ræddu Reglur um starfskjör forstöðumanna nr. 490/2019 og Reglur um greiðslu viðbótarlauna nr. 491/2019, og Árnessjóð, orlofssjóð forstöðumanna.